# Skagafjarðarveitur ehf.

## Ársreikningur 2003

# Efnisyfirlit


Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastj. .... 3

Áritun endurskoðenda ...................................... 4

Rekstrarreikningur ........................................... 5

Efnahagsreikningur .......................................... 6

Yfirlit um sjóðstreymi ...................................... 8

Skýringar ......................................................... 9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið var stofnað í upphafi árs 2002 þegar byggðasamlagi var breytt í einkahlutafélag í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Félagið á og rekur hitaveitu í Skagafirði og sér einnig um rekstur vatnsveitu samkvæmt samningi við Sveitarfélagið Skagafjörð. Bókhald og ársreikningur vatnsveitu er aðskilið frá hitaveitu og gert upp sérstaklega.

Hagnaður varð af rekstri félagins á árinu að fjárhæð 12,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 126,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Hlutafé félagsins var 50,0 millj. kr. í árslok og átti Sveitarfélagið Skagafjörður allt hlutaféð.

Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Sauðárkróki, 9 / 8 2004.

Í stjórn félagsins:

Sigrún Alda Sighvats (sign)

Gísli Árnason (sign)

Einar Gíslason (sign)

Framkvæmdastjóri:

Páll Pálsson (sign)

# Áritun endurskoðenda

Stjórn og hluthafar í Skagafjarðarveitum ehf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Skagafjarðarveitna ehf. fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 24. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreiknings og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2003, efnahag þess 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Sauðárkróki, 9 / 8 2004.

Kristján Jónasson (sign)
***KPMG Endurskoðun hf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2003

| | Skýr. | 2003 | Fjárhagsáætlun |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | |
| Selt heitt vatn ............ | | 88.630.777 | 81.700.000 |
| Heimtaugagjöld ............ | | 6.109.853 | 2.000.000 |
| Aðrar tekjur ............ | | 40.733.084 | 23.680.000 |
| | | 135.473.714 | 107.380.000 |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Laun og launatengd gjöld ............ | 15 | 43.404.568 | 31.960.000 |
| Annar rekstrarkostnaður ............ | | 50.173.582 | 34.151.000 |
| Afskriftir ............ | 6,16 | 20.684.525 | 14.416.000 |
| | | 114.262.675 | 80.527.000 |
| Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði ............ | | 21.211.039 | 26.853.000 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | |
| Vaxtatekjur ............ | | 1.146.688 | 1.122.000 |
| Vaxtagjöld og verðbætur ............ | | ( 14.050.103) | ( 12.465.000) |
| Gengismunur ............ | | 4.472.987 | |
| | | ( 8.430.428) | ( 11.343.000) |
| **Hagnaður ársins............** | | 12.780.611 | 15.510.000 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Virkjanir og veitukerfi | 18 | 321.732.833 | 319.282.849 |
| Fasteignir | 17 | 38.327.781 | 34.207.130 |
| Áhöld, tæki og bifreiðar | | 2.585.154 | 2.327.611 |
| | 6,16 | 362.645.768 | 355.817.590 |
| Áhættufjármunir: | | | |
| Hlutabréfaeign | 19 | 1.949.223 | 1.964.223 |
| Verðbréfaeign | | 1.625.560 | 2.210.143 |
| Næsta árs afborganir | | ( 773.385) | ( 943.948) |
| | | 2.801.398 | 3.230.418 |
| Fastafjármunir samtals | | 365.447.166 | 359.048.008 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Birgðir | 9 | 11.517.598 | 9.079.813 |
| Skammtímakröfur: | | | |
| Viðskiptareikningur sveitarsjóðs | | 0 | 0 |
| Viðskiptakröfur | 20 | 23.805.152 | 15.939.083 |
| Næsta árs afborganir | | 773.385 | 943.948 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 189.235 | 253.184 |
| Handbært fé | 11 | 2.615.801 | 28.434.916 |
| Veltufjármunir samtals | | 38.901.171 | 54.650.944 |
| **Eignir samtals** | | 404.348.337 | 413.698.952 |

# 31. desember 2003

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Hlutafé | | 50.000.000 | 50.000.000 |
| Annað eigið fé | | 76.753.608 | 63.972.997 |
| Eigið fé samtals | 21 | 126.753.608 | 113.972.997 |
| **Skuldbindingar:** | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 22 | 22.368.750 | 14.069.128 |
| **Langtímaskuldir:** | | | |
| Skuldabréfalán | 23 | 210.895.908 | 227.942.667 |
| Tengigjöld, tekjufærð árin 2005-2006 | 13 | 1.154.399 | 2.733.411 |
| | | 212.050.307 | 230.676.078 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Næsta árs afborganir langtímskulda | 24 | 18.485.121 | 21.101.466 |
| Viðskiptareikningur sveitarsjóðs | | 4.721.642 | 21.082.307 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 16.152.435 | 5.933.626 |
| Tengigjöld, tekjufærð árið 2004 | 13 | 3.816.474 | 6.863.350 |
| | | 43.175.672 | 54.980.749 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 277.594.729 | 299.725.955 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 404.348.337 | 413.698.952 |

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2003

| | Skýr. | 2003 | Fjárhagsáætlun |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi | | 12.780.611 | 15.510.000 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 16 | 20.684.525 | 14.416.000 |
| Verðbætur og gengismunur af langtímalánum | | ( 1.076.496) | 4.154.000 |
| Söluhagnaður eigna | | ( 703.005) | |
| Hækkun lífeyrisskuldbindingar | 22 | 8.299.622 | |
| Veltufé frá (til) rekstrar | | 39.985.257 | 34.080.000 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Birgðir, lækkun (hækkun) | | ( 2.437.785) | |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | ( 7.802.120) | |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 10.218.809 | |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | ( 21.096) | 0 |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | 39.964.161 | 34.080.000 |
| **Fjárfestingahreyfingar:** | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | | ( 27.733.393) | ( 49.000.000) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | | 923.695 | |
| Eignarhlutir í félögum, breyting | | 15.000 | ( 1.000.000) |
| Afborganir langtímakrafna | | 624.208 | 604.000 |
| Fjárfestingahreyfingar | | ( 26.170.490) | ( 49.396.000) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Tekin ný langtímalán | | | 20.000.000 |
| Afborganir langtímalána | | ( 18.626.233) | ( 16.705.000) |
| Fyrirfram innheimt tengigjöld, lækkun | | ( 4.625.888) | |
| Viðskiptareikningur sveitarsjóðs, breyting | | ( 16.360.665) | 3.000.000 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 39.612.786) | 6.295.000 |
| **Breyting á handbæru fé** | | ( 25.819.115) | ( 9.021.000) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 28.434.916 | 28.434.916 |
| **Handbært fé í árslok** | | 2.615.801 | 19.413.916 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskila*

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### *Innlausn tekna*

2. Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

   Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

   Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### *Lotun gjalda*

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### *Verðlags- og gengisviðmið*

4. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### *Varanlegir fastafjármunir*

5. Varanlegir fastafjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

### *Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna*

6. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir.......................................................................................................................... | 25 ár |
| Virkjanir og veitukerfi...................................................................................................... | 25 ár |
| Áhöld, tæki og bifreiðar................................................................................................... | 5 - 7 ár |

### *Eignarhlutir í félögum*

7. Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði, framreiknuðu til ársloka 2001.

### *Langtímakröfur*

8. Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

### *Birgðir*

9. Birgðir eru metnar á kostnaðarverði. Þar sem við á er tekið tillit til gallaðra og úreltra vara.

### *Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur*

10. Viðskiptakröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

### *Handbært fé*

11. Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### *Lífeyrisskuldbinding*

12. Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Skagafjarðarveitna ehf. er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2003. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu, að teknu tilliti til greiðslna á árinu vegna skuldbindingarinnar, er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 22.

### *Langtímaskuldir*

13. Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

Tengigjöld notenda, sem námu alls 5,0 millj. kr. í árslok 2003, eru tekjufærð á afskriftatíma stofnkostnaðar heimæða og heimtauga og verða því færð í rekstrarreikning á 5 árum. Sem fyrirfram innheimtar tekjur af tengigjöldum eru færðar 3,8 millj. kr. meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi en meðal langtímaskulda 1,2 millj. kr.

### *Fjárhagsáætlun*

14. Fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2003 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi.

## Starfsmannamál

15. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2003 | Fjárhagsáætlun |
|---|---:|---:|
| Laun ........ | 29.600.081 | 26.950.000 |
| Launatengd gjöld ........ | 4.765.294 | 4.250.000 |
| Annar starfsmannakostnaður ........ | 376.391 | 410.000 |
| Áunnið orlof, breyting ........ | 363.180 | 350.000 |
| Lífeyrisskuldbinding, hækkun ........ | 8.299.622 | 0 |
| | 43.404.568 | 31.960.000 |
| | | |
| Fjöldi starfsmanna að meðaltali ........ | 8 | 8 |

## Varanlegir rekstrarfjármunir

16. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Virkjanir og veitukerfi | Fasteignir | Áhöld, tæki og bifreiðar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2003 ............................... | 753.658.228 | 36.447.348 | 10.503.620 | 800.609.196 |
| Afskriftir samtals 1.1.2003 ...................... | ( 434.375.379) | ( 2.240.218) | ( 8.176.009) | ( 444.791.606) |
| Bókfært verð 1.1.2003 ............................ | 319.282.849 | 34.207.130 | 2.327.611 | 355.817.590 |
| Viðbót á árinu ......................................... | 25.241.001 | 5.692.392 | 800.000 | 31.733.393 |
| Orkustofnun, styrkur ................................ | ( 4.000.000) | | | ( 4.000.000) |
| Selt á árinu ............................................... | | | ( 220.690) | ( 220.690) |
| Afskrift ársins .......................................... | ( 18.791.017) | ( 1.571.741) | ( 321.767) | ( 20.684.525) |
| Bókfært verð 31.12.2003 .......................... | 321.732.833 | 38.327.781 | 2.585.154 | 362.645.768 |
| Samtals heildarverð 31.12.2003............... | 774.899.229 | 42.139.740 | 9.096.723 | 826.135.692 |
| Afskrifað samtals...................................... | (453.166.396 ) | ( 3.811.959 ) | ( 6.511.569 ) | ( 463.489.924) |
| Bókfært verð 31.12.2003.......................... | 321.732.833 | 38.327.781 | 2.585.154 | 362.645.768 |
| Afskriftahlutföll ....................................... | 4% | 4% | 15-20% | |

### *Fasteignamat og vátryggingaverð*

17. Bókfært verð fasteigna félagsins nam 38,3 millj. kr. í árslok 2003 en fasteignamat á sama tíma nam 33,1 millj. kr. og lóða 8,2 millj. kr. Brunabótamat fasteigna nam 96,3 millj. kr. í árslok og vátryggingaverð lausafjármuna nam 5,7 millj. kr.

### *Viðlagatrygging*

18. Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti vegna hitaveitu nemur 326,7 millj. kr.

## Eignarhlutir í félögum

19. Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

| | Bókfært verð |
|---|---|
| Fjölnet hf.................................................................................................................... | 1.105.793 |
| Netorka hf.................................................................................................................... | 843.430 |
| | 1.949.223 |

## Skammtímakröfur og verðbréf

20. Niðurfærsla skammtímakrafna og verðbréfa greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Niðurfærsla í ársbyrjun.............................................................................................. | 4.500.000 |
| Tapaðar kröfur á árinu................................................................................................ | ( 3.365.010 ) |
| Gjaldfærð (tekjufærð) niðurfærsla á árinu.................................................................. | 3.365.010 |
| Niðurfærsla í árslok.................................................................................................... | 4.500.000 |

## Eigið fé

21. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Hlutafé | Annað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 01.01.2003 | 50.000.000 | 63.972.997 | 113.972.997 |
| Hagnaður ársins | | 12.780.611 | 12.780.611 |
| Eigið fé 31.12.2003 | 50.000.000 | 76.753.608 | 126.753.608 |

## Lífeyrisskuldbinding

22. Á félaginu hvílir skuldbinding vegna verðbóta á lífeyrisréttindi starfsmanna veitunnar. Reiknuð hækkun á lífeyrisréttindum er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Lífeyrisskuldbindingin var í árslok 2003 reiknuð á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar en slíkt hafði ekki verið gert frá árslokum 1999. Engar greiðslur voru vegna lífeyrisskuldbindingarinnar á árinu. Áfallin lífeyrisskuldbinding í árslok 2003 greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding 1.1.2003 | 14.069.128 |
| Reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindingar fyrir 01.01. 2003 | 6.354.441 |
| Reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu | 1.945.181 |
| Lífeyrisskuldbinding í árslok 2003 | 22.368.750 |

## Langtímaskuldir

23. Yfirlit um langtímaskuldir:

| | |
|---|---|
| Skuldir í USD | 30.563.121 |
| Skuldir í GBP | 14.853.173 |
| Skuldir í CHF | 15.717.574 |
| Skuldir í JPY | 23.416.665 |
| Skuldir í EUR | 20.588.232 |
| Skuldir í íslenskum krónum | 124.242.264 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 229.381.029 |
| Næsta árs afborganir | ( 18.485.121) |
| Langtímaskuldir samtals | 210.895.908 |

24. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2004 | 18.485.121 |
| Árið 2005 | 18.063.594 |
| Árið 2006 | 100.672.632 |
| Árið 2007 | 9.185.264 |
| Árið 2008 | 9.185.264 |
| Síðar | 73.789.154 |
| Langtímaskuldir samtals | 229.381.029 |